



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu um tvær kvöldopnanir á viku í sértæku félagsmiðstöðinni Öskju

Á fundi borgarstjórnar þann 27. febrúar 2024 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu Karenar Hrannarsdóttur, fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að vinna tillögu að breytingu á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar Öskju þannig að hægt sé að vera með tvær kvöldopnanir vikulega frá og með hausti 2024.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að sl. vetur var kvöldopnun í félagsmiðstöðinni einu sinni í viku kl. 19-21 og mættu um 50% unglinga sem sækja 8. – 10. bekk Klettaskóla í félagsmiðstöðina að kvöldi. Daglega er frístundapjónusta við þennan unglingahóp frá því að skóla lýkur til kl. 17 og í leyfum grunnskólans og starfsdögum hans er opið frá kl. 8-17 í Öskju.

Ekki er gert ráð fyrir starfsemi eftir kl. 17 í fjárhagsramma Öskju og hefur þessi eina kvöldopnun, sem hófst í tilraunaskyni, verið starfrækt af afgangsfé Öskju t.d. þegar ekki hefur tekist að ráða starfsmenn strax að hausti og biðlistar hafa myndast.

Ekki er í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2025 gert ráð fyrir fjármagni til að vera með tvær kvöldopnanir vikulega í félagsmiðstöðinni Öskju. Vegna kröfu um sparnað í starfi skóla- og frístundasviðs er því miður ekki til staðar svigrúm til að hækka fjárheimildir í rekstri félagsmiðstöðvarinnar að svo stöddu.